

Fundargerðir verkefnisstjórnar um læsi.

Fundur nr. 1 • Dagsetning: 10.09.2014 • Klukkan: 15:00. – 17:15 • Staður: Sölvhólsgrata 4

Fundarritun: Guðfinna S. Bjarnadóttir

Viðstödd: Guðfinna S. Bjarnadóttir (GSB), Vilhjálmur Kristjánsson (VK), Guðni Ólgeirsson (GO), Guðlaug Sturlaugsdóttir (GS), Freyja Birgisdóttir (FB), Ásdís Hallgrímsdóttir (ÁH), Gunnar Gíslason (GG) og Ingvi Hrannar Ómarsson (IHÓ)

Dagskrá:

1. Inngangur/upphaf
 - a. Þátttakendur kynna sig
2. GSB – inngangur sbr. ppt-glærur dags 10. sept 2014
 - a. Hvítbókin, áherslur og verkefni – kynning og samhengi
 - b. Verkefnið (læsi/lesskilningur) og afmörkun þess – umræða
 - c. Verkefniságríp: Upplegg / aðferðafræði verkefnisins – kynning og umræða
3. Mikilvægustu þættirnir sem huga ber að í upphafi vegferðar – umræða
4. Verkaskipting og samráðshópar – ákvörðun
 - a. Samfélagið og læsi – Heimili og skóli
 - b. Kennaramenntun og rannsóknir
 - c. Sveitarfélög og fræðslustjórar
 - d. Skólar
5. Næstu skref

Ákvarðanir teknar á fundinum

Byrja að greina stöðuna og taka saman gögn til að geta séð fyrir okkur heildarverkefni

Vinna fyrir næsta fund

Taka saman gögn og greinar / vista á dropboxi – reyna að skilja stöðuna

Senda inn punkta til GSB um helstu þætti

- Aðalnámskrá, skimun/mat, vitundarvankningu, skólar, foreldrar, ráðuneyti, kennarar, kennsla, o.fl.

Skilgreina læsi (FB og GO)

Greina íslenskar skýrslur og gögn (GO og fleiri)

Greina erlendar skýrslur, gögn og rannsóknir (GSB og VK)

Huga að samráðshópum (allir)

Næstu fundur ákveðinn 19.09 í húsakynnum HÍ í Stakkahlíð, FB sér um að panta herbergi

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 17:15.

Fundarritun: GSB

Viðstödd: Guðfinna S. Bjarnadóttir (GSB), Vilhjálmur Kristjánsson (VK), Guðni Olgeirsson (GO), Guðlaug Sturlaugsdóttir (GS), Freyja Birgisdóttir (FB), Ásdís Hallgrímsdóttir (ÁH), Gunnar Gíslason (GG) og Ingvi Hrannar Ómarsson (IHÓ)

Dagskrá:

1. Helsti lærdómur

Farið yfir helsta lærdóminn af starfinu hingað til. Farið var hringinn til að fá viðbrögð frá hverjum og einum í hópnum. M.a. kom fram að allir aðilar þurfa að taka þátt, mál af þessu tagi væri langhlaup, en stíga þurfi ákveðin skref til breytinga til að ná betri árangri. Fram kom að miklar væntingar eru til þessa verkefnis.

Fram koma að mikið væri til af skýrslum og úttektum sem lítið væri gert með

Rætt var um læsisstefnu, bæði almenna og fyrir sveitarfélög og skóla, vðmið um lestrarfærni á öllum stigum og nauðsyn á miðlægum skimunarprófum.

2. Spurningar frá síðasta fundi

Guðfinna fór yfir ýmsar glærur og umræður urðu um þær.

Nokkur umræða var um skilgreiningar á læsi.

3. Undirhópar

Fyrsta umræða fór fram um skiptingu í undirhópa með hagsmunaaðilum sem einstaklingar í hópnum myndu tengjast.

4. Næsti fundur verður 26.sept. í MMR kl. 15-17, en þar verður m.a. rætt um skipingu í undirhópa og verkaskiptingu hópsins.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 17.00.

Fundarritun: OG

Viðstödd: Guðfinna S. Bjarnadóttir (GSB), Vilhjálmur Kristjánsson (VK), Guðni Olgeirsson (GO), Guðlaug Sturlaugsdóttir (GS), Freyja Birgisdóttir (FB), Ásdís Hallgrímsdóttir (ÁH) og Ingvi Hrnannar Ómarsson (IHÓ)

Forföll boðaði Gunnar Gíslason (GG)

Dagskrá:

1. Forsaga og forsendur starfs verkefnahóps

GSB fór yfir ýmsar glærur með punkum um hvítbókina. Ræddi um óreiðuhugsun (divergent thinking) en hópurinn væri á því stigi um þessar mundir og næstu tvo mánuði.

þarf að hafa hvítbókina til hliðsjónar við tillögugerð, tillaga að eflingu læsis til framtíðar.

Nánari stefnumótun, aðgerðaáætlun til 3-5 ára. Lokaskýrsla sem nánari útfærsla á aðgerðaáætlun, t.d. tafla með aðgerðum. Aðgerðamiðaður hópur. Öll skólastig grunnskólans.

Guðfinna sagði frá fundi í Kennarasambandinu með Ólafi Loftssyni og Svanhildi Ólafsdóttur þar sem ákveðið var að búa til samráðshóp með fulltrúum frá KÍ.

Samþætta niðurstöður á vinnufundi í lok nóv. eða byrjun desember. Setja fram drög til samráðs og samráðsfundur með öllum hópum, setja fram tillögur um frakvæmd og áfanga í janúar.

Nálgunin er gagnreynd, jákvæð og hagnýt.

2. Grunnspurningar

a. Tilgangur

- Skoða hvar við stöndum og hvað þarf að gera til að efla læsi.
- Raunhæf og framkvæmanleg aðgerðaáætlun
- Umbætur til framtíðar
- Þjóðarhreyfing til framtíðar um eflingu lestrarnáms og læsis
- Koma betur út í PISA

b. Hverju skilar hópurinn af sér

- Gagnreynd aðgerðaáætlun.
- Aðgerðaáætlun, tímasett með ábyrgðaraðilum og kostnaðarmati.
- Stuttri skýrslu með samantekt um beinhardar aðgerðir þar sem fræðin skín í gegn.
- Einfalt og hnitmiðað sem hægt er að framkvæma sem er trútt fræðunum.
- Sundurliðuð áætlun.
- Framvæmanlegt plagg
- Tillögur um þá þætti sem ekki er verið að vinna nægilega vel í dag.
- Einfaldar og hagnýtar aðferðir fyrir skóla, börnin, skólann og samfélagið sjálft.
- Rökstuðning fyrir tillögur.

- j. Skóli margbreytileikans, vantar þjálfun til að nýta þau verkfæri sem eru fyrir hendi innan grunnskólasamfélagsins. Vinnulag.
- c. Hvaða þekkingu þurfum við að leggja fram
- a. Maryanne Wolf.
 - b. Miklar rannsóknir til á því hvaða aðferðir skila bestum árangri á öllum skólasigum og hvaða þætti eigi að leggja áherslu á. (national reading panel)
 - c. Horfa á rannsóknir sem hægt er að byggja á. Best practices. Hér á landi og erlendis.
 - d. Skoða skóla sem skara fram úr í kennsluháttum.
 - e. Draga fram veruleika barna og ungmenna í dag, ath. hvers konar lestur, hvers konar mælingar? Skoða mælitækin. Innri hvatar.
 - f. Þekkja raunveruleikann í dag, t.d. samræmdu prófin, pisa, námsgögn.
 - g. Skoða tillögur til úrbóta í skýrslum og greinargerðum og hagnýtingu þeirra.
 - h. Draga fram meginaatriðið í þeim skýrslum sem þegar hafa verið lagðar fram hjá ríki, sveitarfélögum og kennarasamtökum.
 - i. Bæði fræðilega og hagnýta þekkingu, hér á landi og erlendis
 - j. Þekkingu um það sem hefur gengið vel á öðrum sviðum hér la landi og erlendis.
- d. Samráðshópar

Guðfinna vinnur með öllum hópunum. Taka saman efni, draga saman efni.

- a. **Kennarasamfélagið, kennarar og skólastjórar (Guðni)**
- b. **Sveitarstjórnarstigið, fræðlustjórar og skólaþjónustan (Guðlaug, Gunnar)**
- c. Foreldra- og grenndarsamfélag skólanna (Guðni)
- d. **Kennaramenntun, starfsþróun, fræðasamfélagið HA, HÍ. (Freyja og Guðlaug)**
- e. **Fjölmiðlar og samfélagsmiðlar og börn (Ingvi Hrannar)**
- f. Rithöfundar, útgefundur, bókssöfn o.f.
- g. Mennta- og menningarmálaráðuneyti (Svanhildur og Guðni)
- h. Hópur lestrarkennara sem fólk lítur upp til. (Ásdís og Guðlaug)
- i. Fara yfir skýrslur og flokka efni Guðfinna, Svanhildur og Guðni.

3. Næstu fundur verður 13. okt. í MMR kl. 15-17.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 16.40.

Fundarritun: OG

Fundur nr. 4 • Dagsetning: 13.10.2014 • Klukkan: 15:00. – 17:00 • Staður: Sölvhólsgrata 4

Fundarritun: Guðni Olgeirsson

Viðstödd: Guðfinna S. Bjarnadóttir (GSB), Vilhjálmur Kristjánsson (VK), Guðni Olgeirsson (GO), Guðlaug Sturlaugsdóttir (GS), Freyja Birgisdóttir (FB), Ásdís Hallgrímsdóttir (ÁH), Gunnar Gíslason (GG) og Ingvi Hrannar Ómarsson (IHÓ)

Dagskrá:

1. Upprifun og niðurstður frá því síðast.
2. Samráðshópar

Kennarasamband Íslands.

Guðni og Guðfinna hafa fundað með KÍ til að ræða um þátttöku sambandsins í þessari vinnu. Í framhaldi var KÍ sent bréf og beðið um tilnefningar. Unnið að stofnun samstarfshóps með kennurum sem KÍ tilnefnir, bæði frá leik-, grunn- og framhaldsskólastigi. Vonast er til að hópurinn verði stofnaður á næstu dögum.

Heimili og skóli.

Guðni og Guðfinna hittu forystufólk hjá Heimili og skóla nýlega til að ræða um hlutverk foreldra og aðkomu þeirra að læsisverkefninu. Fundurinn var vel heppnaður og mikill áhugi var meðal fulltrúa foreldra til að vinna að tillögum um þátttöku þeirra, bæði hvaða skilaboð til foreldra og aðgerðir eru mikilvægar og hvernig best sé að ná til þeirra.

Fræðasamfélagið

Freyja fór yfir hugmyndir að stórum hópi fólks úr fræðasamfélaginu sem gæti tekið þtt í þessari vinnu. Rætt var um að halda samráðsfund með þeim til að fá fram hugmyndum um aðgerðir til úrbóta til að ná markmiðum hvítbókar, þ.e. að fleiri nái betri árangri í lestri og umbætur í kennaramenntun. Ath. að hafa tvo kynningarfundir með fræðasamfélaginu, bæði á Menntavísindasviði HÍ og í HA. Freyja og Guðrún undirbúa þá fundi með Guðfinnu.

Sveitarfélögin

Gunnar hefur verið að undirbúa hóp á vegum sveitarélaga til þess að ná sem bestum árangri á sveitarstjórnarstiginu. Hópurinn er að smella saman, Gylfi Jón, Ragnar Þorsteinsson, Halldór Halldórsson, Svandís Ingimundardóttir og mögulega fleiri. Einnig verður svigrúm á haustfundi Grunns 28. nóv. til að fjalla um þessi mál, t.d. leggja fram einhver gögn og spurningar. Læsisbylgja er í gangi víða um land.

Nemendur

Ingvi og Guðni hafa undirbúið tengslin við börn og ungmenni. Fundur með ungmennaráðum 31. okt. í ráðuneytinu og Ingvi Hrannar leiðir þá umræðu. Ungmennaráð umboðsmanns barna, UNICEF, SAFT og Barnaheilla. Samfés o.fl. Virkja nemendur í ungmennaráðum til að koma með tillögur.

Tengsl rithöfunda við skólana, virkja umhverfið. Barnabókahöfndar verði settir meira á rithöfundalaun og fái tækifæri til að hitta nemendur í skólum. Rætt um verkefnið Skáld í skólum.

3. Verkefni og staðan

Eðalkennarar. Ásdís og Guðfinna eru komin með 9 manna hóp.

- Samantekt úr innlendum skýrslum og heftum. Guðni og Guðfinna.
- Aðalnámskrá, viðmiðunarstundaskrá, viðmið og mælingar. Gunnar, Guðlaug og Guðni skoða viðmiðunarstundaskrá með það í huga að leggja til mögulegar breytingar.
- Ný stofnun og mælingar. Menntamálastofnun gegnir mikilvægu hlutverki til að innleiða viðmið og mælingar.
- Þekking hérlendis og erlendis. Vilhjálmur er að skoða erlendar skýrslur, t.d. frá Danmörku og Kanada.
- Fagráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda. Sigurjón Mýrdal.
- Samtök sjálfstæðra skóla. Guðfinna vinnur með þeim.
- Fjölmíðlar
- Atvinnulífið.

6. **Næstu fundur** verður ákveðinn síðar.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 17:00.

Fundarritun: OG

Læsishópur hvítbókar 5. fundur 3. nóv. Mennta- og menningarmála-ráðuneytinu. Allir mættir.

Guðfinna fór í gegnum ýmsar glærur sem eru hjálagðar um það sem hún hefur kynnt sér.

Fulltrúi frá Námsmatsstofnun fái að sitja fundi með samráðhópnum.

I. Hver og einn segir frá helstu lærdómspáttum

Ath: skoða *lesvefurinn.hi.is*

a. Samspil, samvinna og hlutverk skilgreind

- Samspil ráðuneytis og kennarasamtaka og foreldra – allir saman
- Samstarfs innan hverfis eða sveitarfélaga um læsi, t.d. Fellahverfi
- Skerpa á menntunarlegu hlutverki leikskólans
- Huga að samfelli í skólastarfi
- Huga að leiðtogum í skólum og stjórnendum, ábyrgð og hæfni
- Endurskoða hlutverk sérkennara

b. Stefna og stöðugar umbætur

- Ákvörðun/stefna um að allir verði læsir – stilla væntingar hátt
- Hugmyndafræði stöðugra umbóta í skólastarfi (lean management)

- iii. Ath. hvar hlutirnir ganga vel, læra af því sem vel gengur – læra af bestu leiðum og árangri hér heima og erlendis
- iv. Miðlæg læsisstefna fyrir leik- og grunnskóla a.m.k. viðmið.
- v. Miðstýrðari aðalnámskrár, fjalla meira um aðferðir, leiðbeiningar.
- vi. Aukin virðing fyrir kennarastarfinu

c. Kennaramenntun

- i. Viðmið um starfshæfni kennara
- ii. Endurskoðun kennaranáms – alla leið
- iii. Endurskoðun menntun sérkennara og þjálfun þeirra
- iv. Allir kennarar eru læsiskennarar
- v. Auka menntun kennara á greinasviðum (eldri nemendur)
- vi. Efla starfsþjálfun kennara (4. árið verði þjálfunarár undir styrkri handleiðslu sem byggir á bestu gagnreyndum aðferðum?)

d. Stuðningur og skilaboð til kennara

- i. Áhersla á gæði og læsi
- ii. Lærdómssamfélagið, faglegur stuðningur. Byggja upp kennara og stjórnendur, samábyrgð allra.
- iii. Miðlægur stuðningur og þjónusta við skólana og sveitarfélagana, aðferði, skimanir, lestrarmiðstöð
- iv. Skilgreina hvað eigi að gera með aukinn tíma til móðurmálskennslu í viðmiðunarstundaskrá

e. Lestrarkennsla

- i. Byrjendalæsi, orð af orði, leið til læsis. Styðja við það sem vel gengur.
- ii. Gátlista fyrir kennara um lestur og lestrarnám
- iii. skóla án aðgreiningar fylgi ráðgjöf til að þjónusta nemendur, t.d. einhverfir
- iv. Kerfisbinda betur hvernig unnið er með úrræði og leiðir.
- v. Huga að innflytjendanemendum, sérstök úrræði og leitað bestu leiða, sbr. Kanada. Ferli fyrir menntun innflytjenda.
- vi. Allir lesa. Gengur ekki fyrir skóla. Ath.
- vii. Virkt tvítýngi, móðurmálskennsla fyrir nemendur af erlendum uppruna.

f. Viðmið og greiningartæki

- i. Verklagsreglur og viðmið frá ráðuneytinu, viðurkenningar, úttektir.
- ii. skýr viðmið um hæfni í lestri frá 5 ára aldri
- iii. Endurskoða samræmdu prófin í grunnskóla frá grunni og taka upp læsispróf fyrir alla 18 ára nemendur, sbr. Ontaríó.
- iv. Efni á íslensku á kennara lestrarkennsla eftir 4. bekk
- v. skerpa á greiningartækjum, t.d. logos og snemmtæk greining og íhlutun
- vi. Námsmatsstofnun. Mikilvægt að hafa nýja stofnun í huga varðandi tillögur.
- vii. Henda samræmdu prófunum og efla í staðinn skimanir og markvissa notkun þeirra prófa.

g. Bækur og lesefni

- i. bókaútgáfa og útgáfa á efni fyrir börn verði eflað
- ii. Hljóðbækur fyrir alla.
- iii. Fleiri nýjar bækur sem höfða til nemenda sem eiga erfitt með lestur, byrjendatextar til að læra umskráningu.
- iv. Gagnvirkt gæðanámsefni verði aukið, hlutverk nýrrar stofnanir.
- v. barnabókahöfundar fái listamannalaununglingastigið, efla áhuga

II. Staðan í samráðshópnum

- a. Kennarahópurinn. Fyrsti fundur 4. nóv með samstarfshópi KÍ.
- b. Heimili og skóli, 2. fundur 13. nóv. með foreldrahópnum
- c. Sveitarstjórnarhópur. Fundur í Reykjanesbæ ca. 28. nóv.

- d. Fræða- og háskólasamfélagið. 1. Fundur fyrir norðan á næstunni með fulltrúum frá HÁ og HÍ, haldinn á Akureyri 25. nóv. Ræða um kennaranámið.
- e. Ungmennráð. Ingvi sagði frá fundi með fulltrúum ungmennaráða. Yngvi tók saman punkta, sendir á hópinn. Mjög margar hugmyndir.
- f. Óformlegt samráð við sjálfstæða skóla, eðallestrarkennarar, Námsmatsstofnun, o.fl.
- g. Samstarf við RUV um barnavef. Heimahöfn. Læsi. Yngvi tengiliður.

III. Spurning sem tengist hvítbókaráherslum

Fram kom að þetta séu mikilvægir punktar en ekki nægilegir. Verkefnið fyrir næsta fund er að koma með fleiri atriði sem taka þarf fyrir.

- a. Hvaða áherslubreytingar ætti að vera í viðmiðunarstundaskrá?
 - i. Hópurinn ræddi stuttlega um vinnuna en Guðlaug, Gunnar og Guðni hafa hist tvisvar til að ræða um málið. Rætt sérstaklega á næsta fundi.
- b. Hvaða viðmið um lágmarkshæfni ætti að setja um læsi á hverjum aldri?
 - i. Freyja hugar að því. Fræðasamfélagið.
- c. Hvernig er best að meta stöðuna, reglubundnar mælingar frá leikskóla til grunnskóla?
 - i. Kerfisbundnar skimanir, sbr. Reykjanes. Eftirfylgni skólayfirvalda.
- d. Hvernig er best að styðja við nemendur af erlendum uppruna?
 - i. Eðalkennarahópurinn, allar ábendingar og rannsóknir þegnar
- e. Hvernig tryggjum við að hægt sé að bregðast jafnóðum við vísbendingum um lestrarvanda?
 - i. Viðmið, mat og eftirfylgni. Allir ábyrgir
 - 1. Ráðherra, sveitarstj., foreldrar, skólastj., kennarar, börn
- f. Hverjir gætu verið grunnþættir í læsisstefnu?
 - i. Freyja skoðar grunnstef.
- g. Hvernig er best að ýta undir jákvæð viðhorf til lesturs og hvetja nemendur til yndislesturs?
 - i. Yngvi með krakkana, Guðfinna með foreldra.
- h. Hvernig er best að virkja foreldra?
 - i. Guðfinna ræðir við foreldrahópinn.

IV. Næstu fundir

Fimmtudagurinn 13. nóv. kl. 15-17. Í ráðuneytinu.

Föstudagur 5. des. Vinnudagur fyrir allan hópinn. Ath. Hannesarholt.

Fundur nr. 6 • Dagsetning: 13.11.2014 • Klukkan: 15:00. – 17:00 • Staður: Sölvhólsgata 4
Fundarritun: Guðni Olgeirsson

Viðstödd: Guðfinna S. Bjarnadóttir (GSB), Vilhjálmur Kristjánsson (VK), Guðni Olgeirsson (GO), Guðlaug Sturlaugsdóttir (GS)), Ásdís Hallgrímsdóttir (ÁH) og Ingvi Hrannar Ómarsson (IHÓ)

Forföll. Freyja Birgisdóttir (FB og Gunnar Gíslason (GG)

Gestir Almar Halldórsson Námsmatsstofnun og Dröfn Rafnsdóttir ráðgjafi Reykjanesbæ

Dagskrá:

1. Upprifun og niðurstöður frá því síðast. Guðfinna fór yfir ýmsar glærur.
2. **Samráðshópar o.fl.**
 - Heimili og skóli, fundur með þeim um skilaboð.
 - Kennarasambandshópurinn, eru í hugmyndavinnu.

- Heimsókn til Akureyrar, Guðfinna.
- Leikskólinn, Guðfinna og Björk Ó.
- Eðalkennarar, gengur vel.
- Skólastjórahópur. Gulla með í vinnslu. Fór yfir nöfnin í hópnum.
- Bókasafnsfræðingar
- Erlendar og innlendar skýrslur og rannsóknir (Guðfinna og Guðni)
- Viðmið um lestrarkunnáttu, Freyja.
- Stefna KÍ um forgangsverkefni í skóla- og menntamálum, kynnt

3.Framtíðarsýn í menntamálum í Reykjanesbæ, Garði og Sandgerði. Dröfn Rafnsdóttir ráðgjafi Reykjanesbæ. (Glærur)

Hún kynnti vinnu í Reykjanesbæ við að bæta árangur nemenda og hafa snemmtæka íhlutun. Byggir á sáttmála stjórnenda og viljayfirlýsingu. Hver skóli mótar sér læsisstefnu frá 1.-10. bekk með nokkrum viðmiðum. Áhersla á læsi og stærðfræði í leik- og grunnskólum, notkun skimunarprófa, starfsfólk læri hvert af öðru og gott samstarf milli heimila og skóla. Ráðgjöf, stuðningur, aðhald og eftirfylgni mikilvæg í daglegu skólastarfi og símenntun. Aukið samstarf leik- og grunnskóla. Stöðluð skimunarpróf notuð, fyrirlögn og úrvinnsla Fræðsluskrifstofa, yfirferð, úrræði, aðgerðaáætlun, eftirfylgd. Fór yfir hvaða skimunarpróf þau nota í leik- og grunnskólum. Fjölmargar jákvæðar breytingar hafa orðið í Reykjanesbæ í kjölfar innleiðingar framtíðarsýnar í samfélaginu. Árangur hefur batnað jafnt og þétt á samræmdum prófum á undanförunum árum. Eftirfylgnin er erfiðust og að halda dampi. Fjörugar umræður.

3. Næstu fundur verður fimmtudaginn 27. nóv. kl. 15-17

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 17:00.

Fundarritun: GO